

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Björgvin Óskar Sigurjónsson,  
byggingartæknifræðingur  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júní 2013  
Tilvísun: UST20130600202/bs

### Ósland á Höfn í Hornafirði - endurnýjun klæðningar á vegi. Leyfi

Vísað er til bréfs sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem óskað er leyfis til framkvæmda innan fólkvangsins Óslands skv. 7. gr. auglýsingar nr. 264 dags. 31. janúar 2011, en þar segir m.a.: „Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.“

Í umræddri framkvæmd felst að klæðning verður endurnýjuð á um 60 m löngum kafla á svokölluðum Óslandsvegi. Gömul klæðning verður fjarlægð og henni fargað á viðeigandi stað utan fólkvangs. Vegkaflinn verður styrktur ef þess reynist þörf og ný klæðning lögð á vegkaflann.

Lögð er áhersla á að jarðrask fyrir utan veg verði sem minnst. Umhverfisstofnun telur að þar sem umrædd framkvæmd geti að öllu leyti farið fram á núverandi vegi, muni framkvæmdin ekki ganga gegn markmiðum friðlýsingar Óslands.

Umhverfisstofnun veiti því leyfi fyrir umræddri framkvæmd í samræmi 7. gr. ofangreindrar auglýsingar.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristjánsdóttir

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur